



Read the full book on: [10.1787/dcr-2013-en](http://10.1787/dcr-2013-en)

## Skýrsla um þróunarsamvinnu 2013: Endi bundinn á fátækt

### Útdráttur á Íslensku

Þúsaldarmarkmið í þróunarmálum hafa hleypt krafti í pólitískan stuðning við að binda enda á fátækt. Nú þegar hafa heimsmarkmiðin um að minnka um helming fjölda þeirra sem búa við ýrustu fátækt (USD 1,25 á dag) væntanlega náðst. Þrátt fyrir það hefur þróun þúsaldarmarkmiðanna verið skrykkjótt hjá hinum ýmsu löndum, landssvæðum, þjóðfélagshópum og kynjum og endurspeglar það helsta veikleika þeirra aðferða sem nú er beitt. Við að móta nýjan starfsramma í stað þúsaldarmarkmiðanna um að draga úr fátækt fyrir árið 2015 (11. kafli), standa Sameinuðu þjóðirnar og samstarfsaðilar þeirra frammi hinu knýjandi vandamáli að binda enda á fátækt í eitt skipti fyrir öll. Eins og kemur skýrt fram í þessari skýrslu um þróunarsamvinnu þarf meira til en að láta hlutina ganga sinn vanagang.

### Hvað er fátækt og hvernig er hún mæld?

Þessi spurning var kjarninn í margvíslegum ágreiningi sem varð um þúsaldarmarkmiðin í þróunarmálum. Í þessari skýrslu draga leiðandi hugsuðir fram vandamál sem tengjast skilgreiningunni og aðferðum við mælingu á þessu atriði:

- **Fátækt snýst ekki eingöngu um tekjur**. Þúsaldarmarkmiðin í þróunarmálum um að minnka um helming fátækt sem stafar af lágum tekjum vika sér hjá að takast á við skort af margvíslegum öðrum toga (3. kafli). Hagvöxtur er ekki fullnægjandi leið til að útrýma öllum gerðum fátæktar eða til að koma öllum mönnum til góða.
- **Fátæklingar búa ekki eingöngu í fátæku löndunum** (1. kafli) Um þessar mundir býr „fátækasti milljarðurinn“ í löndum með miðlungs háar meðaltekjur, svo sem Indlandi og Kína. Innlandar mælingar á fátækt ná ekki til þessa ójöfnuðar í löndunum né gefa þær vísbendingar um framfarir sem leiða til þess að honum verði útrýmt (2. og 15. kafli).
- **Fátækt er ekki staðall eða fasti**. Nýjar ráðstafanir ættu að leita lengra en að horfa á samtölur fyrir allan heiminn til að varpa ljósi á mismunandi upphafspunkta og viðfangsefni hinna ýmsu landa, taka á ójöfnuði og tryggja sambærileika miðað við tíma (2. og 11. kafli).
- **Vandamálið er ekki aðeins að „lenda niður á núlli“ heldur að festast þar** (4. kafli). Að minnsta kosti hálfur milljarður manna situr fastur í langvinnri fátækt. Móta þarf sérstakar stefnur sem er ekki aðeins ætlað að binda enda á sára og langvinna fátækt heldur einnig að koma í veg fyrir nýmyndun fátæktar.

### Ný markmið til að binda enda á fátækt

Til að endurheimta sýn þúsaldaryfirlýsingarinnar þarf ný áætlun um alþjóðlega þróun að fela í sér meginreglur er varða samstöðu, jafnrétti, reisu og virðingu fyrir náttúrunni (12. kafli). Nauðsynlegt er að setja markmið sem á skilvirkan hátt leiðbeina um grundvallarvæntingar, markmið sem auðvelt er að fylgjast með og áætlanir sem varða efnahagslegar og samfélagslegar umbreytingar. Skýrslan leggur fram margvíslegar tillögur um að þróa þessa þætti, meðal annars:

### Færast frá fátækt til velferðar fyrir alla

- Móta nýjan heildarmælikvarða til að mæla framfarir með það fyrir augum að útrýma öllum gerðum fátækta sem kæmi til viðbótar við núverandi mælikvarða á tekjubundinni fátækt (3. og 5. kafli).
- Taka einnig til markmiða og mælikvarða til að fylgjast með hvort nýmyndun á fátækt sé að eiga sér stað. (4. kafli). Taka til markmiðs um að draga úr ójöfnuði í tekjum eða mælikvarða á ójöfnuði sem nær til hinna ýmsu markmiða (1. og 11. kafli).
- Beita tvígreindri aðferð varðandi kyn: setja markmið um jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna í tengslum við leið til að gefa til kynna kynjamisrétti sem er innifalið í öllum öðrum takmörkum og markmiðum (16. kafli).

### Sameina innlend og hnattræn markmið og ábyrgð

- Byggja nýtt hnattrænt markmið um að draga úr tekjubundinni fátækt á landsráðstöfunum sem eru samhæfðar á alþjóðlegum vettvangi og eru samræmdar (2. kafli).
- Nauðsynlegt er að láta hina nýju áætlun ná til allra landa en með mismunandi ábyrgð í samræmi við stöðu hvers lands, getu þess og úrræði (11. kafli).
- Skilgreina landsbundin markmið en með lágmarksstöðlum sem hafa hnattræna viðmiðun (11. og 15. kafli).

### Bæta gagnasöfnun til að fylgjast með framförum

- Taka upp sértækt markmið, takmark og vísi til að auka aðgengi að gögnum og gæði þeirra með það fyrir augum að fylgjast með þróun í átt til þessara markmiða og efla landsbundna söfnun á tölfræðilegum gögnum (14. og 16. kafli).

## Ný markmið til að binda endi á fátækt

Fyrsta skrefið er að setja rétt markmið en að ná þeim kallar á nýja stefnu, skuldbindingar og forystu landsbundinna stjórnvalda - í norðri og suðri - og öllu samfélagi heimsins. Ríkisstjórnir, þingmenn, marghliða og svæðisbundnar stofnanir, borgaralegt samfélag, frjáls félagasamtök, sjóðir og einkafyrirtæki þurfa að starfa saman til að tryggja að allar stefnur á öllum sviðum vinni saman að því að binda endi á fátækt.

Þeir sem leggja til efni í þessa skýrslu byggja á reynslu sinni um hvaða aðferðir eru áhrifamiklar, til dæmis:

- **Líta á þróun sem tilfærslu frá fátækt til valda** Með því að efla völd fólks, einkum kvenna og þeirra sem búa við langvinna fátækt og afnema félagslega mismunun sem heldur þeim í fátækt. Þróunarsamvinnustofnanir, stjórnmalasamtök og borgaraleg samtök geta veitt slíkum tilflutningi á völdum stuðning (4. 5. 6. 9. 10. 12. og 16. kafli).
- **Byggja upp efnahagskerfi sem taka til allra og eru sjálfbær** sem gera hinum fátækustu þegnum kleift að taka þátt og hafa ábata af hagvexti. Til þess að þetta geti orðið þarf að gera grundvallarbreytingar á markmiðum og forgangsröðun í stefnumótun og áætlunum - einkum í landbúnaði, menntun, orkumálum og atvinnumálum (4. 7. 8. 14. og 15. kafli).
- **Sjá fyrir kerfum um félagslega vernd** – starfsöryggi, peningatilfærslur, eftirlaun, barna- og örorkubætur - til að stofna til jákvæðrar þróunar sem gerir fátæku fólki kleift að afla sér viðurværis, skapa sér eignir, nýta sér efnahagsleg tækifæri og standa af sér áföll svo sem loftslagsbreytingar (4. 5. 6. 7. 9. 10. og 13. kafli).
- **Gera sjálfbærni umhverfis og náttúruauðlinda að forgangsatrði**, óaðskiljanlega tengt því að draga úr fátækt og efla velferð. Stefnur þurfa ekki eingöngu að taka á einkennunum heldur einnig orsökum fátækfar án þess að grafa undan velferð komandi kynslóða (11. 13. og 15. kafli).
- **Fjárfesta í landbúnaði smábænda** til að takast á við fátækt og efla efnahagsþróun á víðum grunni hjá fátækum landbúnaðarlöndum (8. og 10. kafli).
- **Styðja við miðlun á þekkingu og reynslu** um hvernig draga má úr fátækt, einkum hjá löndum á suðurhveli jarðar (1. 8. 15. og 16. kafli).

## Hvaða þýðingu hefur þetta fyrir þróunarsamvinnu?

Nauðsynlegt er að veita aukinn stuðning til að takast á við þessi viðfangsefni. Þó fjármagn muni í auknum mæli koma frá eigin skatttekjum landanna verður opinber þróunaraðstoð samt mjög mikilvæg. Það verður að vera „æskilegt“ að afla aukins fjármagns innan eins, sameinaðs og hnattræns kerfis sem hámarkar nýtingu á tiltæku fjármagni og tryggir ábyrgðarskyldu (15. og 16. kafli). Hið nýja hnattræna samvinna um árangursríka þróunarsamvinnu gæti örvað og samræmt hnattræna starfsemi og fjármagn (ávarp ritstjórnar). Til að útrýma fátækt og draga úr misrétti innan landa sem utan kallar á viðvarandi og samræmdan stuðning við viðkvæmustu löndin, beina athyglinni að þjóðfélagshópum sem búa við íttruðu fátækt í löndum með meðaltekjur, þróa getu landanna sjálfra til að efla velferð almennings og viðurkenna að friður og minnkun ofbeldis eru grundvöllurinn fyrir útrýmingu fátæktar (14. 15. og 16. kafli).

© OECD

### Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

### Fjöltyngdir útdrættir eru þýdd á grip af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

Þeir eru fánlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD [www.oecd.org/bookshop](http://www.oecd.org/bookshop)

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: [rights@oecd.org](mailto:rights@oecd.org) eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)

2 rue André-Pascal, 75116

Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar [www.oecd.org/rights](http://www.oecd.org/rights)



## Read the complete English version on OECD iLibrary!

© OECD (2013), *Development Co-operation Report 2013: Ending Poverty*, OECD Publishing.

doi: 10.1787/dcr-2013-en